



Insúlínþolpróf

Insúlín þolpróf er framkvæmt til að fá upplýsingar um framleiðslu hormóna í heiladingli. Virkni í heiladingli hefur áhrif á framleiðslu annarra hormóna í líkamanum, m.a. insúlíns. Í prófinu er gefinn lítill skammtur af insúlíni í æð og við það fellur blóðsykur. Þegar blóðsykur lækkar mikið eða blóðsykursfall verður leitast líkaminn við að ná aftur jafnvægi á blóðsykri með því að auka meðal annars framleiðslu vaxtarhormóns og kortisóls. Meðan á þolprófinu stendur eru teknar blóðþrufur með jöfnu millibili til að kanna virkni þessara hormóna.

Undirbúningur

Fasta

Til að áreiðanlegar niðurstöður fáiast í prófinu er nauðsynlegt að fasta fyrir rannsóknina. Ekki má neyta fastrar fæðu frá klukkan 24 kvöldinu áður. Óhætt er að drekka vatn en ekki aðra drykki. Ekki má drekka áfengi kvöldið fyrir rannsóknina þar sem það getur valdið frekari lækkun blóðsykurs.

Lyf

- Sleppa þarf töku sumra lyfja með rannsókninni.
- Ekki er æskilegt að taka hydrókortisón (sykurstera eða aðra sykursterauppbót) á rannsóknardegi en síðasti leyfilegur skammtur er að morgni dags deginum fyrir próf.
- Ef notuð eru lyf að staðaldri þá metur læknir hvort megi taka þau að morgni rannsóknardags.

Annar undirbúningur

Nauðsynlegt er að hafa með sér nesti til að borða að lokinni rannsókn. Ráðlagt er að koma með samloku, ávöxt og ávaxtasafa, þar sem insúlínið sem lækkar blóðsykurinn getur virkað aðeins áfram að prófi loknu. Ráðlagt er að klæðast þægilegum fatnaði þar sem búast má við að svitna talsvert í þolprófinu. Ekki er hægt að nota farsíma meðan á prófinu stendur. Ekki er ráðlagt að aka bíl eða öðru ökutæki fyrstu klukkustundirnar eftir að rannsókn lýkur.

Rannsóknardagur

Mætt er á göngudeild innkirtla Eiríksgötu 5 klukkan 8:30 að morgni rannsóknardags.

Gera þarf ráð fyrir að þolprófið taki 3-4 klukkustundir. Við komu á deildina er líkamsþyngd vigtuð og út frá henni ákvarðast hve mikið insúlín er gefið. Settir eru upp tveir æðaleggir og úr þeim eru blóðsýni tekin með reglulegu millibili og einnig er gefið saltvatnsdreypi í æð. Meðan á þolprófinu stendur þarf að liggja út af. Leyfilegt er að væta munninn með vatni á meðan á rannsókn stendur.

Framkvæmd og eftirlit

Hjúkrunarfræðingur framkvæmir prófið og er viðstaddur þann tíma sem það tekur, meðal annars til að taka blóðsýni, fylgjast með líðan, einkennum, mæla blóðþrýsting, púls og blóðsykur. Blóðsykur er mældur með því að stinga finni nál í fingurgóma reglulega.

Þegar insúlín er gefið lækkar blóðsykurinn og vart getur orðið óþæginda sem ganga tiltölulega hratt yfir. Eðlilegt er að finna fyrir hungri og löngun í sætmeti. Einnig er algengt að finna fyrir köldum svita, skjálfta, þirringi, höfuðverk og syfju. Til að hægt sé að fylgjast með líðan er mikilvægt að halda sér vakandi meðan á rannsókninni stendur.

Að lokinni rannsókn

Matur og drykkur

Þegar prófinu lýkur, má borða kolvetnaríkan mat og drekka að vild. Æskilegt er að borða á tveggja klukkustunda fresti fram til klukkan 18. Fyrir heimferð þarf blóðsykur að vera orðinn stöðugur.

Vinna

Gera þarf ráð fyrir hvíld eftir þolprófið og ráðlagt er að taka sér frí frá vinnu þann daginn.

Endurkomutími

Fyrir útskrift er bókaður endurkomutími þar sem niðurstöður úr prófinu eru kynntar.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina skv. gjaldskrá Landspítala.

Hafa skal samband við göngudeild innkirtla eða vakthafandi innkirtlalækni í síma 543 1000 ef áframhaldandi einkenni um blóðsykursfall koma fram. Slík aukaverkun er mjög sjaldgæf.

Forföll

Forföll eða veikindi á rannsóknardag skal tilkynna göngudeild innkirtla sem fyrst í síma 543 1000

Göngudeild innkirtla, Eiríksgötu 5, er opin virka daga kl. 8 til 16, sími 543 1000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.